

Nd. **208. Frumvarp til laga** [182. mál]

um breyting á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

1. gr.

Önnur setning 1. tl. 10. gr. hljóði svo:

Skal gjaldið nema 1 000 kr. á hvern gjaldanda 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allt frá því að Framkvæmdasjóður aldraðra var stofnaður með lögum nr. 49/1981 til að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða hafa umsóknir um styrki úr sjóðnum numið upphæðum sem eru hærri en það fé, sem sjóðurinn hefur haft til ráðstöfunar.

Tekjur sjóðsins hafa einkum byggst á svonefndum „nefskatti“ sem er á yfirstandandi ári 580 kr. á gjaldanda frá 16 ára aldri til 75 ára hafi þeir ákveðnar lágmarkstekjur.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986 er gert ráð fyrir að markaðar tekjur sjóðsins nemi 65 m. kr.

Að auki er gert ráð fyrir að 14 m. kr. verði til ráðstöfunar sem framlag ríkisins til byggingar hjúkrunar- og dvalarheimila á vegum sveitarfélaga.

Með hliðsjón af þeirri miklu þörf sem er á fé til bygginga húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða hefur sjóðsstjórnin farið þess á leit að gjald á hvern gjaldanda verði 1 000 kr. fyrir árið 1986. Yrðu þá tekjur sjóðsins af því 100 m. kr. Full ástæða er til þess að verða við þessari beiðni um leið og bent er á að aðeins standa eftir tvö ár af greiðslum í sjóðinn því að samkvæmt laganna hljóðan falla lög in úr gildi í lok ársins 1987.